



Sjálfsmatsskýrsla

Menntaskólans í Reykjavík

2023–2024

Gæðastjóri
Hilmar Guðlaugsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir	1
2. Sjálfsmat.....	6
2.1 Síðastliðin ár.....	6
2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2023–2024.....	7
2.2.3 Fundir með nemendum	18
2.2.4 Skólanámskrá	18
2.2.5 Umbótaáætlun	18
2.2.6 Umhverfisstefna.....	18

1. Inngangur

Sjálfsmat er fyrirbæri sem ber að fagna því að það gefur skólum tækifæri til að bæta sig. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 ber hverjum skóla að meta skólastarfið með skipulögðum og markvissum hætti. Tilgangurinn með matinu er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun í starfsemi skólans með langtímaávinning að leiðarljósi. Með skólastarfinu er átt við stjórnun skólasamfélagsins, kennslu og aðra þjónustu innan skólans en einnig ytri tengsl við önnur skólastig og nærsamfélagið. Ennfremur er leitast við að gera skólastarfið sýnilegra fyrir foreldra og aðra sem hlut eiga að máli.

Sjálfsmatsskýrslur MR allt frá árinu 2008-2009 má kynna sér á heimasíðu skólans. Árlega er sett fram skipulögð sjálfsmatsáætlun um þá þætti skólastarfsins sem metnir verði næstu fimm árin. Kannanir og rannsóknir eru framkvæmdar, niðurstöður greindar, aðgerðir til úrbóta eru lagðar fram og þeim fylgt eftir með aðgerðaáætlun.

Að sjálfsögðu sýnir sjálfsmatsskýrslan aðeins hluta af öllu því starfi sem fer fram innan veggja skólans en árlegt sjálfsmat gerir starfsfólki kleift að sjá svart á hvítu það sem vel er gert og einnig það sem miður fer. Þá er hægt að finna leiðir til úrbóta og gera skólann betri.

Í Menntaskólanum í Reykjavík starfar gæðanefnd skipuð rektor, konrektor, kennslustjóra, verkefnastjóra og gæðastjóra. Gæðastjóri skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans.

1.1 Stefnuskrá, markmið og leiðir

Menntaskólinn kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð allra á sjálfbærum lífnaðarháttum.

Skólinn er bóknámsskóli og því er aðalmarkmið hans að nemendur séu að loknu stúdentsprófi vel undir það búnir að takast á við háskólanám, hvort heldur sem er innan lands eða utan.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að gera nemendum ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur kapp á að kynna nemendum sínum menningarverðmæti á sviði bókmennta, erlendra tungumála og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Skólinn leggur áherslu á vísindalæsi nemenda og hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar þjálfunar á því sviði.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatæknin býður upp á.


Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að búa nemendur sína vel undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi, sem og að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti og samfélagsskipan ásamt fjármálaskyldum, einstaklingsskyldum og réttindum.

Í fjölbreyttu félagsstarfi leitast skólinn við að efla félagsþroska og jafnréttisvitund nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljós.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur áherslu á heilbrigt lífarni og vinnur í anda heilsueflandi framhaldsskóla í samvinnu við embætti landlæknis. Markmiðið er að stuðla markvisst að líkamlegu og andlegu heilbrigði nemendanna. Skólinn hefur verið hluti af heilsueflandi framhaldsskólaverkefnum síðustu ár en þar eru áherslurnar m.a. hreyfing, næring, geðrækt og forvarnir. Skólinn hefur í þessu samhengi hætt sölu á orkudrykkjum í mötuneyti nemenda og reynt að hafa matinn þar sem hollastan.

Hlutverk Menntaskólans í Reykjavík, samkvæmt skólasamningi við Mennta- og menningar-málaráðuneytið, er að bjóða upp á bóklegt nám til stúdentsprófs á tveimur námsbrautum, mála- og náttúrufræðibraut. Haustið 2023 byrjaði skólinn að bjóða upp á starfsbraut, hlutverk starfsbrautar er að koma til móts við og aðstoða nemendur sem fást við ýmsa námserfiðleika. Þar er hverjum og einum nemenda mætt á einstaklings miðaðan hátt með það meginmarkmið að þau geti stundað nám sitt við kjörnámsaðstæður.

Skólinn hefur kappkostað að aðstoða nemendur við ástundun náms og hefur tekið virkan þátt í því að vinna gegn brottfalli. Þar má nefna aukna námsráðgjöf, öflugt starf umsjónarkennara og framboð á stoðþjónustu. Þessi viðleitni hefur tekist afar vel og telst brottfall nemenda skólans vera á bilinu 0-1% samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar.




Mynd 1. Útkoma vorprófa 2024

Myndin sýnir útkomu prófa á vormisseri 2024. Veturinn 2023-2024 innrituðust 675 nemendur, yfir veturinn hættu 10. Að loknum vorprófum og endurtektarprófum þá féllu 36 nemendur á árinu, sem þýðir ef þessir nemendur ætla að halda áfram

skólagöngunni sinni við skóla þá þurfa þeir að endurtaka ár. Það þýðir að brottfall meðal nemenda í skólanum nam 5,33%.

Innritaðir nemendur skólaárs 2023-2024 voru:



Mynd 2. Kynjaskipting nemenda, viðmiðunardagsetning er 11.01.2025


Heildarfjöldi nemenda var 696. Líkt og sést á mynd 2 er eru stúlkur í meirihluti, fjöldi stelpna er 390 og pilta 306. Kynjaskiptingin er svipuð hefur verið síðustu ár.

Starfsmenn skólans á haustmisseri 2023 skiptast þannig:



Mynd 3. Tölfræðilegar upplýsingar um starfsfólk Menntaskólans í Reykjavík.

Á mynd 3 sést kynjaskipting starfsfólks í prósentum en heildarfjöldi starfsfólks er 93 en stöðugildi eru samtals 86,9. Ef skoðuð er kynjaskipting starfsfólks þá er skiptingin þannig að það starfa 61 konur, 32 karlar. Reynt hefur verið að horfa til kynjajafnréttis við mannaráðningar, t.d. í deildum þar sem einsleitni er.



Mynd 4. Aldursdreifing starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík í prósentum.

Mynd 4 sýnir aldursdreifingu starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík í prósentum. Dreifingin er áhugaverð og sýnir að starfsfólk er á öllum aldri. Það er áhugavert að 49

prósent af starfsfólki er eldri 45 ára. Í fyrra var þessi tala 55% og því virðist vera að aldur starfsfólks við skóla vera að lækka.



Mynd 5. Aldursdreifing starfsfólks Menntaskólans í Reykjavík í prósentum.

Á mynd 5 sést kynjaskipting kennara í prósentum en heildarfjöldi kennara er 74 en stöðugildi eru samtals 58,3. Ef skoðuð er kynjaskipting starfsfólks þá er skiptingin þannig að það starfa 43 konur, 31 karlar.

2. Sjálfsmat

2.1 Síðastliðin ár


Á síðastliðnum árum hefur sjálfsmat MR verið í stöðugri þróun. Ákveðnir matsþættir fara fram á hverju ári. Þessir þættir eru samantektir á niðurstöðum jólaþrófa og rafræn kennslukönnun, sem nær ekki aðeins til kennslu, kennsluhátta og námsefnis, heldur einnig annarra þátta í starfi skólans og eru efnistöð þess hluta könnunarinnar breytileg á milli ára.

Þegar rannsóknir þessar voru undirbúnar var stuðst við ákveðið vinnuferli og starfshópar völdu hæfilegar matsspurningar. Sett voru viðmið og gögnin síðan greind og túlkuð. Þess er gætt að litið sé til veikra jafnt sem sterkra hliða í niðurstöðu könnunarinnar. Loks er umbótaáætlun sett fram þar sem þurfa þykir.

2.2 Sjálfsmat Menntaskólans í Reykjavík 2023–2024

2.2.1 Samantekt jólaprófa

Niðurstöður jólaprófa 2023 voru teknar saman af konrektor og kynntar á kennarafundi 17. janúar 2024. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá einkunnadreifingu á jólaprófum 2023.



Mynd 5. Einkunnardreifing nemenda á jólaprófi 2023

Niðurstöðurnar gera stjórnendum og kennurum kleift að bera saman bekkji í einstökum greinum, greinar hjá einstökum bekkjum og jafnvel bera saman niðurstöður og fall miðað við fyrri ár. Umsjónarkennarar notuðu svo niðurstöður jólaprófa og samantektina þegar þeir tóku einstaklingsviðtöl við umsjónarnemendur sína. Viðtölin eru framkvæmd einu sinni á misseri og á vormisseri er jólaprófsárangur nemenda sérstaklega skoðaður en þá er þeim sem ekki hefur gengið sem skyldi veitt sérstök ráðgjöf og reynt að beina þeim á rétta braut.

Kennarar innan greina hittast reglulega og fara yfir námsaðferðir, námsgögn, próf, ræða árangur einstakra nemenda og finna leiðir til úrbóta. Sem dæmi um úrbætur má

nefna aukatíma og stoðtíma í ýmsum greinum auk sérstaks stuðnings fyrir nemendur með lestrarörðugleika og kvíðaröskun.

2.2.2 Kannanir

Á vormisseri 2024 var kennslukönnunin með sama sniði og veturinn 2022-2023. Að þessu sinni voru lagðar fyrir spurningar í sex fögum og voru spurningar samdar í samvinnu við fagkennarana. Þannig voru þetta í raun mismunandi kennslukannanir sem nemendur svöruðu og því var misgóð þátttaka. Þetta var ákveðin tilraun til að reyna fá greinargóð svör frá nemendum sem mætti nota til að aðstoða við að bæta það góða starf sem þegar er til staðar í deildunum. Nemendur þurftu því einungis að svara kennslukönnunum fyrir hluta af þeim fögum sem þeir voru skráðir í á þessu misseri. Vonin var sú að með þessu yrði svörun betri en í fyrri kennslukönnunum. Fyrir neðan eru niðurstöðurnar úr kennslukönnuninni.

Kennslukönnun: Þættir




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. Mjög sammála	14%	(23/161)
2. Sammála	42%	(68/161)
3. Hlutlaus(t)	19%	(31/161)
4. Ósammála	17%	(28/161)
5. Mjög ósammála	6%	(9/161)
6. Kýs að svara ekki	1%	(2/161)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 161 af 161
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að í kennslustundum séu notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir?

1. Mjög sammála	16%	(26/161)
2. Sammála	30%	(49/161)
3. Hlutlaus(t)	27%	(44/161)
4. Ósammála	17%	(28/161)
5. Mjög ósammála	8%	(13/161)
6. Kýs að svara ekki	1%	(1/161)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 161 af 161
Svarhlutfall: 100%



Í fyrstu spurningu voru nemendur spurðir hvort þeir telji að dönskunám hafi bætt kunnáttu og hæfni þeirra í málinu. Nemendur virðast almennt sáttir við námið, þar sem 81% svara spurningunni játandi. Svörun sem þessi hlýtur að vera fagnaðarefni, og sýna deildinni að þau séu á réttri leið.

Í annari spurningu svara 47% nemenda að þeir telji að námið muni gagnast þeim í framtíðinni, það er vert að geta þess að það er nokkuð hátt hlutfall sem svöruðu hlutlaust eða 25%. Aðeins 27% nemenda telja að danska muni gagnast þeim í framtíðinni, sem kemur á óvart ef tekið er miðað af fyrstu spurningunni þar sem nemendur upplifa dönskukennsluna á jákvæðan hátt. Hér kann því að spila inn í almenn þjóðfélagsleg upplifun af dönsku frekar en einungis mat nemenda á gildi dönskunámsins við skólann. Þetta er þó eitthvað sem er áhugavert og jafnvel vert að skoða nánar.

Í þriðju spurningu voru nemendur spurðir hvort þeir væru búnir að kynna sér kröfur um dönskukunnáttu í dönskum háskólum. Meirihluti nemenda svarar þessari spurningu ýmist neitandi eða hlutlaust. Þarna eru sóknarfæri að upplýsa nemendur betur um þær kröfur. Það gæti haldist í hendur við að bæta viðhorf nemenda gagnvart gagnsemi dönskukunnáttu í framtíðinni.

Í fjórðu og fimmtu spurningum var spurt um álag og kennsluaðferðir. Þegar nemendur voru spurðir út í álagið þá töldu 56% að álagið væri hæfilegt. Það verður að teljast umdeilanlegt hvort sú svörun þyki fullnægjandi. Í fimmtu spurningunni um kennsluaðferðir eru 46% ýmist sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að notast sé við fjölbreyttar kennsluaðferðir í dönsku. Þarna er einnig vert að geta að 27% nemenda svara hlutlaust. Því er hugsanlegt að þetta sé málefni sem brennur ekki á nemendum, þó er það visst áhyggjuefni að svarhlutfall þeirra sem eru sammála sé undir 50%.

Einnig er þetta töluvert lægra svarhlutfall en hjá öðrum tungumálafögum við skólann en þessi spurning var einnig lögð fyrir í ensku og þriðja málsfögum í vor.


Lokaspurningin var svo opin ritunarspurning þar sem nemendur gátu komið með athugasemdir um hvernig kennslu þeim finnst þau læra mest af. Athugasemdirnar eru af ýmsum toga, t.d. skrifar einn nemandi: „Stuttar sögur eins og við höfum verið að læra, og kvikmyndum“. Annar nemandi skrifar: „Málfræði æfingar þar sem kennarinn útskýrir og hjálpar nemendunum með þær“. Ekki eru allir jákvæðir í sínum athugasemdum og einn nemandi skrifar „fjölbreyttri kennslu“, hér gæti verið endurhljómur frá fyrri spurningu. Fjölbreyttar kennsluáferðir eru þó eitthvað sem öll fög eiga að hafa í huga og mikilvægt að skólinn stuðli að stöðugri þróun í þessum efnum.

Ken Finnst þér kennslustundir í stærðfræði vel nýttar?

1. Já 82% (626/761)
2. Nei 13% (99/761)
3. Kýs að svara ekki 5% (36/761)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 761 af 764
Svarhlutfall: 100%




Lestu athugasemdir á skriflegum æfingum og heimadæmum með það markmiði að læra af þeim?

1. Já 83% (631/757)
2. Nei 10% (79/757)
3. Kýs að svara ekki 6% (47/757)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 757 af 764
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. Sammála 51% (385/760)
2. Hlutlaus(t) 24% (179/760)
3. Ósammála 24% (184/760)
4. Kýs að svara ekki 2% (12/760)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 760 af 764
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála eða ósammála eru því að kennarinn hafi góða þekkingu á námsefninu?

1. Sammála 86% (650/759)
2. Hlutlaus(t) 8% (58/759)
3. Ósammála 5% (37/759)
4. Kýs að svara ekki 2% (14/759)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 759 af 764
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála ertu þeirri fullyrðingu að stærðfræðin í MR sé skemmtileg?

1. Sammála 44% (338/760)
2. Hlutlaus(t) 32% (245/760)
3. Ósammála 21% (160/760)
4. Kýs að svara ekki 2% (17/760)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 760 af 764
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála ertu að skriflegar æfingar séu hæfilega margar?

- | | | |
|----------------------|-----|-----------|
| 1. Sammála | 60% | (458/760) |
| 2. Hlutlaus(t) | 20% | (150/760) |
| 3. Ósammála | 18% | (139/760) |
| 4. Kys að svara ekki | 2% | (13/760) |

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 760 af 764

Svarhlutfall: 99%



Í fyrstu spurningunni var spurt hvort nemendum þyki kennslustundir vel nýttar og 82% nemenda finnst kennslustundirnar vel nýttar. Svörun við þessu er nokkuð afgerandi og því ljóst að nemendur virðast vera ánægðir með hvernig kennslustundirnar eru nýttar. Aðeins 13% nemenda eru ónægðir með hvernig kennslustundirnar eru nýttar. Svörun við þessari spurning gefur jákvæðar vísbendingar um að nemendur séu almennt mjög sáttir við hvernig kennslustundir í stærðfræði eru nýttar.

Í annarri spurningu er í raun og veru verið að spyrja nemendur um hvort þeir lesi með markvissum hætti skriflegar athugasemdir til að læra af þeim. Hátt hlutfall nemenda svarar spurningunni játandi eða 83% sem verður að teljast mjög jákvætt. Könnunin er leynileg og því ætti ekki að vera hvati fyrir nemendur til að svara þessu á annan hátt en heiðarlega. Því verður það að teljast uppörvandi fyrir skólann og kennara að það sé upplifun nemenda að þeir læri af skriflegum athugasemdum sem kennarar hafa lagt vinnu í að skrifa.

Í þriðju og sjöttu spurningu er spurt annars vegar um álagið í faginu og hinsvegar hvort nemendur séu sammála þeirri fullyrðingu að það séu hæfilega margar skriflegar æfingar. Yfir helmingur nemenda upplifa að álagið sé hæfilegt eða um 51% og 60% nemenda finnst hæfilegar margar æfingar. Þessi svörun er áhugaverð í ljósi þess að stærðfræði hefur þótt mjög krefjandi fag innan skólans og það hafa verið umræður um álagið. Báðar tölurnar í tómarúmi kunna vera lágar en í ljósi þess að stærðfræðin sem fag krefst mikils af nemendum, þá eru þetta ásættanlegar tölur. Hér kunna væntingar nemenda til fagsins að spila inni, að því leitinu til að hugmyndir þeirra áður en þeir hefja nám við skólann og áður en þeir hefja nýtt skólaár eru á þá leið að stærðfræði verði krefjandi. Þetta kann að spila inn í svörun hjá nemendum varðandi álag og fjölda æfinga.

Í fjórðu spurningunni var spurt þeirrar spurningar hversu sammála eða ósammála nemendur væru þeirri fullyrðingu að kennarinn hafi góða þekkingu á efninu. Nemendur svöruðu því þannig að 86% voru sammála, sem er frábær svörun og ljóst að nemendur eru ánægðir með þekkingu stærðfræðikennara. Í fimmtu spurningunni var spurt um

skemmtanagildi stærðfræðinnar og eru aðeins 44% nemenda sammála þeirri fullyrðingu að stærðfræðin sé skemmtileg. Skemmtanagildi er fyrirbæri sem er huglægt og því erfitt að meta það á hlutlægan hátt. Upplifun nemenda er engu að síður mikilvæg og eitthvað sem er vert að skoða. Almennt virðast nemendur þó ánægðir með þekkingu kennarans en hugsanlega mætti bæta framsetninguna.

Lokaspurningin var svo opin ritunarspurning þar sem nemendur gátu komið einhverju á framfæri. Svör við þessari spurningu voru margvísleg og voru nemendur oft á tíðum að koma skilaboðum til einstaka kennara. Þó voru einnig nemendur sem skrifum athugasemdir sem áttu við fagið í fagið í heild sinni. Dæmi um þetta er t.d. að einn nemandi skrifar: „Kennslu aðferðir (sic) henta mér, finnst gott að farið sé yfir öll dæmin sem eru sett fyrir í tíma“. Annar nemandi skrifar: „Hefur alltaf fundist stærðfræðin skemmtileg og kennararnir sem ég hef haft voru mjög hæfir og góðir“. Það er jákvætt að fá athugasemdir líkt og þessar en nemendur eru margvíslegir og upplifun þeirra er mismunandi. Allnokkrir nemendur koma með athugasemdir um að álagið sé of mikið og einn nemandi skrifar: „Mér er búið að finnast mjög erfitt að skilja efnið í stærðfræði í vetur og það er búið að vera mjög mikið álag“. Einnig kom athugasemd varðandi skriflegar æfingar og þar skrifar einn: „Mér finnst skriflegu æfingarnar vera of langar“. Líkt og kom fram að ofan í spurningunni, þar sem var spurt beint um álag þá var meirihlutinn sáttur en 24% var það ekki. Það ætti því ekki að koma á óvart að hluti nemenda lýsi yfir óánægju með álagið. Það er mikilvægt að fá endurgjöf sem þessar, bæði þar sem nemendur lýsa yfir ánægju en ekki síst þar sem nemendur benda á hluti sem að betur megi fara.


Kennslukönnun: enska

Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. Sammála 83% (268/322)
2. Hlutlaus(t) 11% (35/322)
3. Ósammála 5% (16/322)
4. Kýs að svara ekki 1% (3/322)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 322 af 324
Svarhlutfall: 99%




Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur, verkefni og annað efni?

1. Já 80% (259/323)
2. Nei 11% (37/323)
3. Kýs að svara ekki 8% (27/323)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 323 af 324
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála því að í enskukennslu séu notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir?

1. Sammála 66% (213/322)
2. Hlutlaus(t) 20% (65/322)
3. Ósammála 12% (39/322)
4. Kýs að svara ekki 2% (5/322)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 322 af 324
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála eða ósammála ertu að auka þurfi þátt skapandi skrifa í enskútímum?

1. Sammála 28% (91/321)
2. Hlutlaus(t) 41% (132/321)
3. Ósammála 26% (85/321)
4. Kýs að svara ekki 4% (13/321)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 321 af 324
Svarhlutfall: 99%



Í fyrstu spurningunni voru nemendur spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru þeirri fullyrðingu að álagið í enskunni sé hæfilegt. Nemendur virðast sáttir við álagið í enskunni en 83% svara því að þeir séu sammála þessari fullyrðingu. Svörunin er því jákvæð fyrir enskuna og kann að skýrast af þeim breytingum sem var hrint í framkvæmd í kjölfarið á styttingu náms til stúdentsprófs. Sökum álags á nemendur í öllum fögum þá var heimavinna nemenda í ensku að miklu leiti færð inn í kennslustofuna. Miðað við svör nemenda þá er þetta nálgun sem öll fög ættu að skoða en vert að taka fram að enska var ekki eina fagið sem breytti nálguninni á heimavinnu.

Í annarri og þriðju spurningu var spurt um námsgögn vetrarins og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Varðandi námsgögn þá eru 80% nemenda ánægðir með gögn vetrarins, tala sem hlýtur að teljast ásættanleg. Í þriðju spurningunni var spurt um kennsluaðferðir og eru 66% nemenda sammála því að þær séu fjölbreyttar. Ef þessi tala er borin saman við útkomuna hjá þriðja málsfögum er enskan sem lægri prósentu í svarmöguleikanum þar sem nemendur eru sammála. Þó 66% sé vissulega ekki endilega lág tala, þá er þetta prósentu sem gefur til kynna að það sé ráðrúm til að gera betur, sérstaklega ef fagið er borðið saman við þriðja málsfögin.

Í fjórðu spurningu var spurt hvort nemendur séu sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að auka þurfi þátt skapandi skrifa í enskutímum. Spurningin var sett fram í kjölfar umræðu innan deildarinnar þar sem kennarar veltu því fyrir sér hvort nemendur hefðu áhuga á verkefnum sem tengdust skapandi skrifum. Aðeins 28% nemenda er sammála þessari fullyrðingu og því mætti álykta sem svo að eftirspurnin eftir frekari skapandi skrifum sé takmörkuð. Endurgjöf nemenda við er þessari spurningu er því mikilvæg, sökum þess að svörunin upplýsir enskukennara um vilja nemenda eða að minnsta kosti þeirra sem svöruðu spurningunni.

Í lokaspurningunni var spurt hvað nemendum fannst hjálpa þeim mest við að bæta enskukunnáttuna sína. Nemendur svara þessu á ýmsa vegu og sumir nota tækifærið og þakka viðkomandi enskukennara fyrir veturinn. Nemendur koma einnig með ýmislegt athugasemdir um hvað þeir telja að hafa hjálpað þeim, t.d. skrifar einn nemandi: „Mér finnst gott að við lesum texta og þýðum orð í samhengi, þá lærum við hvernig orð geta þýtt margt en auk þess bætum við orðaforðann okkar“. Það er jákvætt að fá slíkar athugasemdir enda snýst enskunámið að miklu leiti að kenna nemendum að setja hlutina í samhengi og átta sig á merkingu orða í samhengi við málsgreinar. Annar nemandi skrifar að það sem hann hafði mest gagn af voru „Kynningarnar og ritunar verkefni“. Ekki voru þó allar athugasemdirnar hrós, einn nemandi skrifaði: „Mér finnst námsefnið í ensku ekki vera nógu krefjandi“. Annar nemandi skrifar á svipuðum nótum: „Mér finnst eins og að það eigi að vera lagt miklu meiri álag á nemendur í þessum áfanga og að farið sé meira í stafsetningu og svoleiðis í ensku“. Endurgjöf sem þessi er alltaf jákvæð og sýnir að hugsanlega geta nemendur ráðið við meira álag en vissulega eru nemendur mjög ólíkir og þarfir mjög fjölbreyttar. Þetta er þó eitthvað sem enskan ætti hugsanlega að hafa í huga við skipulags náms í efri bekkjum.

Kennslukönnun: þriðja málsfög


Franska

Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glæsur, verkefni og annað efni?

1. Já 85% (73/86)
2. Nei 10% (9/86)
3. kys að svara ekki 5% (4/86)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 86 af 86
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að í kennslustundum séu notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir?

1. sammála 87% (75/86)
2. hlutlaus(t) 10% (9/86)
3. ósammála 2% (2/86)
4. kys að svara ekki 0% (0/86)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 86 af 86
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu að kennari setji reglulega tilkynningar, heimavinnu, kennsluefni og leiðbeiningar inn á Innu sem nýtast vel?

1. sammála 87% (75/86)
2. hlutlaus(t) 8% (7/86)
3. ósammála 5% (4/86)
4. kys að svara ekki 0% (0/86)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 86 af 86
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. sammála 76% (65/86)
2. hlutlaus(t) 12% (10/86)
3. ósammála 12% (10/86)
4. kys að svara ekki 1% (1/86)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 86 af 86
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu því að kennari sé jákvæður og hvetjandi?

1. sammála 93% (80/86)
2. hlutlaus(t) 1% (1/86)
3. ósammála 6% (5/86)
4. kys að svara ekki 0% (0/86)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 86 af 86
Svarhlutfall: 100%




Spænska

Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur, verkefni og annað efni?

1. Já 86% (193/225)
2. Nei 10% (23/225)
3. kys að svara ekki 4% (9/225)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 225 af 225
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að í kennslustundum séu notaðar fjölbreyttar kennsluáðferðir?

1. sammála 75% (168/224)
2. hlutlaus(t) 15% (34/224)
3. ósammála 8% (19/224)
4. kys að svara ekki 1% (3/224)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 224 af 225
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu að kennari setji reglulega tilkynningar, heimavinnu, kennsluefni og leiðbeiningar inn á Innu sem nýtast vel?

1. sammála 76% (172/225)
2. hlutlaus(t) 16% (36/225)
3. ósammála 6% (13/225)
4. kys að svara ekki 2% (4/225)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 225 af 225
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. sammála 88% (196/224)
2. hlutlaus(t) 9% (20/224)
3. ósammála 3% (6/224)
4. kys að svara ekki 1% (2/224)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 224 af 225
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu því að kennari sé jákvæður og hvetjandi?

1. sammála 76% (171/224)
2. hlutlaus(t) 10% (23/224)
3. ósammála 12% (26/224)
4. kys að svara ekki 2% (4/224)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 224 af 225
Svarhlutfall: 100%




Býska

Ert þú ánægð/-ur/-t með námsgögn áfangans þ.e. kennslubækur, glærur, verkefni og annað efni?

1. Já 88% (88/100)
2. Nei 7% (7/100)
3. kys að svara ekki 5% (5/100)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 100 af 101
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála eða ósammála ertu þeirri fullyrðingu að í kennslustundum séu notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir?

1. sammála 69% (70/101)
2. hlutlaus(t) 23% (23/101)
3. ósammála 8% (8/101)
4. kys að svara ekki 0% (0/101)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 101 af 101
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu að kennari setji reglulega tilkynningar, heimavinnu, kennsluefni og leiðbeiningar inn á Innu sem nýttast vel?

1. sammála 73% (73/100)
2. hlutlaus(t) 19% (19/100)
3. ósammála 6% (6/100)
4. kys að svara ekki 2% (2/100)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 100 af 101
Svarhlutfall: 99%




Hversu sammála eða ósammála ertu að álagið í faginu sé hæfilegt?

1. sammála 84% (85/101)
2. hlutlaus(t) 13% (13/101)
3. ósammála 3% (3/101)
4. kys að svara ekki 0% (0/101)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 101 af 101
Svarhlutfall: 100%




Hversu sammála eða ósammála ertu því að kennari sé jákvæður og hvetjandi?

1. sammála 89% (89/100)
2. hlutlaus(t) 7% (7/100)
3. ósammála 4% (4/100)
4. kys að svara ekki 0% (0/100)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 100 af 101
Svarhlutfall: 99%



Í fyrstu og annarri spurningu voru nemendur spurðir um námsgögn og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í fyrri spurningunni eru svör nemenda fremur jákvæð en 85-88% nemenda svara spurningunni játandi, þ.e.a.s. að þeir séu ánægðir með námsgögn vetrarins. Í annarri spurningunni var spurt um kennsluaðferðir og hvort nemendur telja þær fjölbreyttar, í þeirri spurningu var meiri munur milli faga, þannig voru 87% nemenda í frönsku sammála því að notaðar væru fjölbreyttar kennsluaðferðir, á

meðan svarhlutfallið var 75% meðal nemenda í spænsku og talan er 69% í þýskunni. Þarna eru tækifæri fyrir fögin að tala saman og reyna læra af hvert af öðru.

Í þriðju og fjórðu spurningunni voru nemendur spurðir um INNU notkun kennara og álag í faginu. Almennt séð virðast kennarar þriðja málsfag nýta sér INNU en nemendur velja sammála valmöguleikann frá 87% niður í 73%. Hin spurningin sem snýr að álaginu kemur einnig vel út og þar er svarhlutfall þeirra sem eru sáttir við álagið frá 88% í spænsku, 84% í þýsku og 76 í frönsku. Heilt yfir virðast nemendur sáttir við álagið í þriðjamálsfögum.

Í fimmtu spurningunni var spurt hvort nemendur væru sammála því að kennarinn sé jákvæður og hvetjandi. Svörun nemenda var einkar jákvæð og þá sérstaklega í frönsku þar sem 93% nemenda sem svaraði voru sammála þessari fullyrðingu. Þessi tala er einnig há í þýskunni en þar er talan 89% og svarhlutfallið í spænskunni er einnig gott þar sem 76% nemenda voru sammála fullyrðingunni. Það er ánægjulegt að nemendur upplifi kennara í þriðja málsfögum á svo jákvæðan hátt.

Lokaspurningin var ritunarspurning þar sem nemendur voru spurðir hvað þeim finnst þeir læra mest af, í sínu tungumálanámi. Nemendur nefna oft að þeim finnst gott að læra tungumál með því að vinna verkefni gegnum vefsíðuna „kahoot“. Í þýskunni skrifar einn nemandi: „verkefnum (sic) sem eru ekki úr bókinni heldur frá kennaranum“ og upplifir þessi tiltekni nemandi greinilega betri tengingu við verkefni sem kennarinn bjó til en þau sem eru í verkefnabókinni. Nemandi í spænsku skrifar: „Þegar við notum tungumála kunnáttuna (sic) í praktískum tilgangi, eins og leikir þar sem við þurfum að spjalla á milli okkar“. Þetta svar helst í hendur við svörunina um fjölbreytta kennsluhætti, þarna eru kennarar greinilega að nota ýmislegt verkfæri til að virka nemendur sína. Einn annar nemandi skrifar: „Ég læri mest af verkefnum þar sem að við fyllum í eyður og af leikjum þar sem við fáum að nota frönsku kunnáttuna (sic) okkar“. Þessum ágæta nemanda hentar það greinilega að vinna í hefðbundnum eyðufylling en einnig leikjum sem kennarinn hefur nýtt í kennslustundum. Svör nemenda er langflest á jákvæðum nótum og sett fram á uppbyggilegan hátt. Í ritunarspurningum gefst nemendum tækifæri að koma sínum hugleiðum áleiðis og það er dýrmæt endurgjöf fyrir kennara að fá.

2.2.3 Fundir með nemendum

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að haldnir séu opnir fundir með nemendum og stjórnendum. Í Menntaskólanum í Reykjavík hefur þessum fundum verið fundinn sá farvegur að funda í skólaráði reglulega. Í skólaráði eru fulltrúar nemenda og koma þessi fundir í staðinn fyrir fundi með öllum nemendum.

2.2.4 Skólanámskrá

Ný skólanámskrá tók gildi við skólann haustið 2016 og er nú framhaldsskólamenntun þrjú ár í stað fjögurra. Námsbrautalýsing fyrir nýtt námskerfi hefur hlotið staðfestingu frá ráðuneytinu og er nú unnið samkvæmt henni.

2.2.5 Umbótaáætlun

1. Unnið var áfram að verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli en þar er unnið að forvörnum, fræðslu um geð- og kynheilbrigði og leitast við að reyna bæta upplifun og heilsu nemenda í skólanum.
2. Kennslukönnunin er hluti af þeirri vinnu að stuðla að stöðugri umbótum á fögum skólans.
3. Sjálfsmatsáætlun 2024-2027
Sjá aukaskjal.

2.2.6 Umhverfisstefna

Skólinn er að vinna að grænu skrefunum en skrefin eru fimm. Í skólanum er starfandi umhverfisnefnd sem konrektor er í forystu fyrir, það er ánægjulegt að skólinn sé á þessari vegferð. Þetta er þó vegferð sem mun langan tíma.

3. Lokaorð

Lögum samkvæmt ber framhaldsskólum að skipuleggja árlegar rannsóknir á skólastarfinu í þeirri viðleitni að gera skólastarfið eins gott og mögulegt er á öllum sviðum þess. Sjálfsmatið sem er formlegt og altækt hefur stöðugt vaxið að umfangi í Menntaskólanum í Reykjavík. Reynt er að rannsaka sem flesta þætti skólastarfsins með það fyrir augum að gera umbætur þar sem þess telst þörf til að árangur af starfi skólans verði sem heilladrýgstur fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans.

Sjálfsmatið er mikilvægur hluti af því að horfa til þeirra hluta sem eru vel unnir en einnig að leitast eftir að greina þá sem þarf að bæta. Að þessu sinni voru nokkur tiltekin fög skoðuð. Mikilvægt er að halda áfram þróun innan skólans hvort sem það er í skólastofunni eða á stjórnsýslustigi til að takast á við þær síbreytilegu áskoranir sem felast í menntun.

Veturinn 2023-2024 var líkt og önnur ár áskorun fyrir starfsmenn og nemendur en jafnframt lærdómsríkt. Í janúar 2024 var til að mynda starfsþróunardagur þar sem kennarar eyddu heilum degi í að vinna að umbætum í skólanum en þar voru meðal annars ræddar brautir skólans. Í kjölfarið á þessum starfsdegi voru gerðar breytingar á málabraut og á náttúfræðibraut. Breytingar sem þessar sýna þá þróttmiklu starfsþróun sem á sér stað innan veggja skólans, því þótt skólinn byggji á gömlum grunni þá er skólinn og starfsfólk þess stöðugt að reyna bæta skólastarf og námsumhverfi fyrir nemendur.